

Fréttir

Félag verslunar- og skrifstofufólks
Akureyri og nágrenni



1. tölublað · 29. árgangur · 2015

Orlofsmál
Aðalfundur
Launakröfur

Orlofshúsin – fjölmargir valkostir í boði

Félagsmönnum Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni bjóðast fjölbreyttir valkostir í sumar hvað varðar sumarhús, íbúðir og styrki.

Í sumar verða í boði tvö hús á Illugastöðum, hús í Flókalundi í Vatnsfirði, hús á Einarstöðum á Héraði, orlofshúsið Skógarsel í Vaglaskógi, orlofshús í Kötluholti í Biskupstungum á Suðurlandi og orlofshús í Miðhúsaskógi í Bláskógabyggð. Þá verða í boði þrjár íbúðir sem félagið á í Mánatúni 3 í Reykjavík.

Athugið! Leyfilegt er að hafa með sér gæludýr í bústaðinn Kötluholt í Biskupstungum, en gæludýr eru stranglega bönnuð í öðrum húsum

félagsins. Dæmi eru um að slæm ofnæmistilfelli hafi komið upp.

Auk orlofshúsa býður félagið 75 orlofsstyrki allt að kr. 20.000 vegna gistikostnaðar á árinu 2015 og 25 útilegukort. Einnig verða í boði, eins og sl. sumar, niðurgreiddir gistimiðar á Edduhótelin og Fosshótelin. Félagsmenn geta líka keypt miða í Hvalfjarðargöngin, veiðikort og jafnframt er hægt að kaupa útilegukort. Nánar er sagt frá þeim húsum, íbúðum og styrkjum sem í boði eru í sumar á bls. 6, 7 og 8 í fréttabréfinu.

Rafrænar umsóknir

Það þarf að sækja um orlofshús, orlofsstyrki og útilegukort á rafrænan hátt á

félagavefnum sem er á www.fvsa.is. Þeir sem ekki hafa aðgang að tölvu geta komið á skrifstofuna eða hringt og fengið aðstoð.

Umsóknarfrestur um orlofshús, orlofsstyrki og útilegukort vegna sumarleigu er til miðnættis 22. mars nk. Umsækjendur fá skriflegt svar um úthlutunina fyrir mánaðamót mars/apríl. Þeir sem fá úthlutað þurfa að greiða í síðasta lagi 12. apríl.

Opnað verður fyrir lausar orlofsvikur á félagavefnum kl. 12:00 þann 15. apríl nk.

Aðalfundur FVSA 2015

Aðalfundur félagsins var haldinn í Alþýðuhúsinu á Akureyri mánudaginn 23. febrúar sl. Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, fráfarandi formaður félagsins, kynnti skýrslu stjórnar og Hermann Brynjarsson endurskoðandi fór yfir reikninga félagsins. Þá fór Eiður Stefánsson, formaður félagsins, yfir stöðuna í kjarasamningaviðræðum.

Um síðustu áramót voru félagsmenn 2.433 sem er fjölgun um 162 frá árinu á

undan. 1.542 konur eða 64% og 891 karlar. Fullgildir greiðandi félagsmenn voru 2.115, en mun fleiri greiddu eitt-hvað til félagsins á árinu, tímabundið, gjaldfrjálsir eru samtals 318.

Fram kom í máli Úlfhildar þegar hún kynnti skýrslu stjórnar að nýr formaður tæki við á fundinum og því væri þetta hennar síðasti aðalfundur í þessu hlutverki. Í janúar 2014 tók gildi ný reglugerð starfsmenntasjóðanna. „Við reiknuðum með því að nýju reglurnar yrðu

hagstæðari fyrir okkar félagsmenn en þær gömlu. Það reyndist rétt því greiðslurnar fóru svo langt fram úr björtustu vonum. Bæði sóttu mun fleiri félagsmenn í sjóðinn og upphæðin hækkaði um átta og hálf milljón frá fyrra ári. Nú er greitt 75% af námskostnaði í stað 50% áður og aðeins tekið tillit til 12 síðustu mánaða á vinnumarkaði, árlega geta félagsmenn fengið allt að 90.000. í styrk á ári. Þetta kemur sér vel fyrir unga fólk sem hefur ekki verið lengi á vinnumarkaði.“

Yfir 400 fræðslustyrkir voru greiddir í fyrra samtals að upphæð tæpar 15 milljónir. „Það er svipuð tala og innkoman í sjóðinn þ.e. rúmar 12 milljónir frá atvinnurekendum og rúmar þrjár frá félaginu. Meðaltalsupphæð hvers styrks er kr. 35.400.“

Greiðslur úr sjúkrasjóði voru hærri á árinu en á fyrra ári, enda voru upphæðir styrkja hækkaðar á aðalfundinum í fyrra. „Greiddir voru sjúkradagpeningar til 49 félagsmanna, eða fimm færri en árið áður, samtals að upphæð kr. 22.7 milljónir sem þýðir að tæpur helmingur tekna sjóðsins fer til greiðslu sjúkradagpeninga.“



Úlfhildur sagði að atvinnuleysi hefði verið svipað í fyrra og árið áður. „Að meðaltali voru það 64 félagsmenn sem greiddu af atvinnuleysisbótum til félagsins. Flestir í mars og apríl, eða 75, en fæstir í september, 45.“

Kjaramál

Í máli Úlfhildar kom fram að á síðasta aðalfundi voru kjarasamningar nýsamþykktir, samningar til eins árs með mjög litlum launahækkunum. „Það er óþarfi að hafa mörg orð um framhaldið það þekkjum við öll, aðrir hópar komu í kjölfarið og náðu kjarasamningum sem ekki voru í neinu samræmi við ASÍ



samningana. Samningsumboð okkar er hjá LÍV vegna komandi kjarasamninga, kröfugerðin var lögð fram 12. febrúar sl. og mun Eiður Stefánsson gera grein fyrir stöðu samningamála, en hann hefur tekið sæti í stjórn Landssambands verslunarmanna og miðstjórn ASÍ.“ Eiður fjallaði einnig um kröfugerð félagsins og LÍV, en nánar má lesa um þær á bls. 5.

Úlfhildur sagði frá því að félagssjóður hefði styrkt fyrir jólin sameiginlegt starf líknarféлага um kr. 400.000 þ.e. Mæðrastyrksnefnd, Rauða krossinn, Hjálparstarf kirkjunnar og Hjálpræðisherinn. „Á aðalfundinum í fyrra var greint frá 700 þúsund kr. framlagi til Hollvinsamtaka Sjúkrahússins til kaupa á sjúkrarúmi. Þessi upphæð kemur fram í reikningum ársins í ár því greiðslan fór fram í febrúar í fyrra þó ákvörðunin hafi verið tekin á árinu 2013.“

Í mars var lífeyrisþegum boðið í leikhúsfærð, fyrst var kaffisamsæti á Strikinu en síðan var haldið í Freyvangsleikhúsið að sjá leikritið „Þorskur á þurru landi“. Sumarferðin var fjallaferð, farin 16. ágúst ekið upp úr Bárðardal, Sprengisandsleið í Laugafell og niður í



Skagafjörð. Ferðalangarnir fengu flestar tegundir íslensks veðurfars á þessum degi, en allir voru glaðir og kátir enda var fararstjórinn, Ingvar Teitsson, bæði fróður og skemmtilegur. Í nóvember var svo farið í aðra leikhúsfærð, það þótti ekki hægt að láta fram hjá sér fara leikritið „Verksmiðjukrónikan“ sem sýnt var á Melum. Allar þessar ferðir voru farnar í samvinnu við samstarfsfélögin á þriðju hæðinni, sjómenn, málmíðnaðarmenn, vélstjóra og málmæknimenn og voru þátttakendur um 150, mikill meirihluti var frá okkar félagi í þeim öllum,“ sagði Úlfhildur.

Stjórn og trúnaðarráð

Sjálfkjörið var í stjórn, trúnaðarráð og stjórn sjúkrasjóðs á aðalfundi félagsins því engin mótframboð bárust gegn lista uppstillingarnefndar.

Úlfhildur gaf ekki kost á sér áfram í stjórn og tók Eiður við sem formaður félagsins. Jón G. Rögnvaldsson sem setið hefur í varastjórn tók jafnframt sæti í aðalstjórninni. Tvær breytingar urðu á varastjórn félagsins þar sem Árni Þorvaldsson gaf ekki lengur kost á sér og Jón fór yfir í aðalstjórn. Ný í varastjórn eru Agnes Reykdal og Halldór Óli Kjartansson.

Í stjórninni eiga sæti: Eiður Stefánsson, formaður FVSA; Einar Hjartarson Eimskip; Anna María Elíasdóttir, Rammi hf. Fjallabyggð; Sigríður S. Stefánsdóttir Samskip og Jón G. Rögnvaldsson Pennanum. Í varastjórn eru Anna Kristín Árnadóttir Norðlenska, Agnes Reykdal

BYKO og Halldór Óli Kjartansson Markaðsstofu Norðurlands.

Trúnaðarráð

Trúnaðarráð félagsins er skipað af 21 félagsmanni (5 stjórnarmönnum, 3 vara-stjórnarmönnum, 8 félagsmönnum sem trúnaðarmenn á vinnustöðum kjósa árlega úr sínum hópi og 5 félagsmönnum til viðbótar kosnum á aðalfundi.)

Auk stjórnar og varastjórnar sitja eftirfarandi félagmenn í trúnaðarráði:

Áslaug Júlíusdóttir, Eimskip
Erla Bjarnadóttir, Höldur
Guðlaug Óskarsdóttir, Advania
Guðmundur L. Helgason, VÍS
Helga Eymundsdóttir, Blikkrás
Helgi S. Jóhannsson, Flugfélag Íslands
Jón H. Lárusson, Húsasmiðjan
Katrín Helgadóttir, Hótel KEA
Kristín B. Hjaltalín, Kjarnafæði
Laufey D. Guðbjargadóttir, Rúmfatalagerinn

Laufey Ingadóttir, Samkaup Nettó
Margrét Brynjólfssdóttir, Bókhaldsþjónusta Þórðar Stefánssonar
Sigurbjörg Gunnólfsdóttir, Primex ehf.

Til vara:

Ingvar Gunnarsson, BYKO
Gísli S. Grétarsson, Penninn
Katrín G. Pálsdóttir, Vífilfell
Hallveig Stefánsdóttir, Grófargil
Anna H. Jóhannesdóttir,
Samkaup Dalvík
Bergþóra Jóhannsdóttir, Frumherji
Hanna S. Magnþórsdóttir, Bónus
Sigurlaug Hinriksdóttir, Samkaup Strax
Sigurlaug S. Einarsdóttir, Olís

Stjórn sjúkrasjóðs

Eiður Stefánsson, FVSA
Guðríður Þorsteinsdóttir, Apótekarinn
Álfhildur Vilhjálmssdóttir, Vífilfell
Þórdís Bjarnadóttir, Höldur
Signý Sigurðardóttir, Nettó

Til vara:

Kristín Þorgilsdóttir, FVSA
Lilja S. Jóhannsdóttir, Lyf og heilsa
Stefán Jónsson, Húsasmiðjan

Forréttindi að fá að vinna með öllu þessu frábæra fólki

Tíðindamaður blaðsins settist niður með Eiði Stefánssyni, nýjum formanni Félags verslunar og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni að loknum aðalfundi og byrjaði á að spyrja hvað væri honum efst í huga á þessum tímamótum. „Þakklæti fyrir það traust sem trúnaðarráð og félagsmenn hafa sýnt mér. Það verður ekki auðvelt að feta í fótspor Úllu, fyrir mig er þetta verkefni mikil áskorun sem gaman verður að takast á við. Ég horfi á þetta sem samvinnuverkefni stjórnar, trúnaðarráðs og starfsfólks að veita félagsmönnum eins góða þjónustu og vöð er á og standa vörð um hagsmuni þeirra,“ segir Eiður.

Eiður hefur starfað síðustu 25 árin við þjónustustörf, þar á meðal við verslun og sölumennsku, en frá 1. maí 2009 hefur hann verið starfsmaður FVSA. Árið 2001 var Eiður kosinn varamaður í fulltrúaráð félagsins, 2005 varð hann trúnaðarmaður starfsmanna Flugfélags Íslands á Akureyri og í kjarasamninganefnd fyrir hönd starfsmanna. Árið 2006 var hann kosinn í fulltrúaráð FVSA, árið eftir í stjórn félagsins, 2013 varaformaður og nú kosinn formaður.

Eiður segir að fyrir 16 árum hafi hann ákveðið að stefna á að verða formaður FVSA. „Ég tók þessa ákvörðun á aðalfundi félagsins árið 1999, sem var annar eða þriðji aðalfundurinn sem ég fór á. Þetta ár var skipt um formann og þegar fundi lauk var ég ekki viss um hver var formaður og hverjir voru í stjórn. Það var bara gert ráð fyrir að allir vissu hverjir voru hvað,“ sagði Eiður og bætti við að þetta hefði farið eitthvað fyrir brjóstið á honum. Reyndar ásamt öllu sem snéri að stéttarfélögum á þessum tíma. „Í mínum huga árið 1999 átti að leggja öll stéttarfélög niður og ég var alveg tilbúinn í það verk, en til að leggja öll stéttarfélög niður var



nauðsynlegt að kynna sér starfsemi og uppruna þeirra. Það leið ekki langur tími frá því ég fór að kynna mér starfsemi að ég áttaði mig á því að þessi hugmynd mín var hugsun einstaklings sem hafði ekki mikla þekkingu á starfsemi stéttarfélaga.“

Síðan eru liðin mörg ár og hefur Eiður setið fjölmörg námskeið á vegum FVSA, þar á meðal 18 eininga rekstrar- og stjórnunarnám á vegum Háskólans á Akureyri sem var sérniðið að þörfum stéttarfélaga. „Á síðasta ári fór ég sem fulltrúi ASÍ í Genfarskólann, sem er skóli á vegum stéttarfélaga á Norðurlöndum. Í þrjár vikur var ég í Genf að fylgjast með þingi Alþjóðavinnuálagstofnunar ILO og fyrir mig sem einstakling var þessi skóli opnun á sögu og þróun alþjóðavinnuálagarinnar.“

Mikill mannaúður

„Félagið stendur fjárhagslega vel og við erum svo heppin að það eru um 60 hæfileikaríkir einstaklingar sem koma að félaginu í stjórnnum og trúnaðarráði ásamt trúnaðarmönnum, starfsfólki og félagslegum skoðunarmönnum. Það má með sanni segja að það séu algjör

forréttindi fyrir mig að fá að vinna með öllu þessu frábæra fólki. Ég vona að okkur takist að koma á fót stjórn fyrir unga félagsmenn svona svipað og ASÍ-UNG. Meðal helstu verkefna slíkrar stjórnar yrði að kynna fyrir ungu fólki á vinnuarkaði réttindi þeirra, skyldur og starfsemi stéttarfélagsins, beita sér í málaflökkum sem snerta ungar barnafjölskyldur og standa vörð um sjónarmið ungs fólks.

Kjaramálin

Aðspurður um næstu kjarasamninga sagði Eiður að það verði að koma á þjóðarsátt um að lágmarkslaun fyrir fulla dagvinnu á Íslandi endurspegli framfærslukostnað. „Ég tel að við sem þjóð getum ekki lengur samþykkt að

starfsmenn sem eru á lágmarkslaunum séu fastir í fátækragildru. Þær kröfur sem við gerum í komandi kjarasamningum eru bara eitt lítið skref að þessu markmiði.

Mikið hefur verið talað um samninga framhalds- og grunnskólakennara og ber að fagna því þegar stéttarfélög ná góðum árangri í samningum. Forsætisráðherra hefur talað um að almenni markaðurinn geti ekki tekið mið af þessum samningum þar sem gerðar voru verulegar breytingar á vinnufyrirkomulagi og launaupbyggingu og því hafi þessir aðilar náð auka 10-18% hækkun. Á undanförunum árum hefur mikið verið hagrætt og vinnutilhögun starfsmanna í verslun og þjónustu breyst þannig að færri vinna verkin og þar af leiðandi er aukið álag á starfsfólk sem er bara látið hlaupa hraðar. Öll þessi hagræðing sem orðið hefur á almenna markaðinum hefur ekki leitt til sértækra launahækkana fyrir starfsmenn. Þar af leiðandi eigum við mikið inni,“ segir Eiður og bætir við að sami gamli hræðsluáróðurinn frá SA er farin að heyrast á ný. „FVSA og LÍV/VR hafa unnið mikla og vandaða undirbúnings-

vinnu fyrir næstu samninga. Við komum fram með sanngjarnar kröfur og með góðum rökum. Það er okkar mat að atvinnurekendur ráði við þessar launahækkanir án þess að þurfa að velta þeim öllum út í verðlagið. Við teljum að fyrirtæki sem skila hluthöfum sínum hundruðum milljóna í arð geti tekið þessar launahækkanir á sig og minnkað

arðgreiðslur. Við verðum að stoppa þann ójöfnuð sem er í samfélaginu.”

Kosningarétturinn

„Kosningabátttaka hjá félaginu í síðustu kjarasamningum var mjög léleg. Ég vil því hvetja félagsmenn að gefa sér tíma og taka afstöðu út frá sínum hagsmunum og greiða atkvæði. Ég

vona að næstu kosningar hjá okkur verði um nýjan kjarasamning en miðað við stöðuna í dag eru því miður líkur á að við óskum eftir heimild félagsmanna til verkfalls. Þá er ekki síður mikilvægt að félagsmenn taki afstöðu og greiði atkvæði,” segir Eiður að lokum.



Hluti af þessum góða hóp sem Eiður segir að séu forréttingu að fá að vinna með.

Launakröfur vegna komandi kjarasamninga

Landssamband íslenskra verzlunarmanna, LÍV, kynnti Samtökum atvinnulífsins launakröfur sinna félaga í komandi kjarasamningum á fundi 13. febrúar sl. Lögð er áhersla á að leiðrétta laun félagsmanna miðað við þær launahækkanir sem orðið hafa á vinnumarkaði síðustu misseri og metur kostnaðarauka atvinnulífsins innan þeirra marka sem fyrirtækin þola.

Meginatriði í launakröfum:

1. Að samið verði til eins árs þar sem meðalhækkun launa er kr. 24.000, m.v. fullt starf.
2. Við launahækkanir verði stuðst við launaþróunartryggingu að hámarki kr. 50.000 m.v. fullt starf. Frá þeirri upphæð dragast launahækkanir á tímabilinu 1. janúar 2014 til 28. febrúar 2015, þ.e. 2,8% sem samið var um í síðustu kjarasamningum og allar hækkanir umfram það.
3. Að lágmarkslaun fyrir fullt starf verði kr. 254.000.
4. Kostnaðarauki atvinnulífsins vegna launakrafna LÍV er kr. 6,9 milljarðar eða 5,35% að mati félagsins.

Samningur til skemmri tíma

Skysamlegt er að gera kjarasamning til skemmri tíma. Staðan á vinnumarkaði og í efnahagslífinu bindur hendur félagsmanna og litlar forsendur eru fyrir langtímasamningi. Stöðugleiki í íslensku efnahagslífi stendur ótryggjum fótum þar sem óvissa ríkir um afnám gjaldeyrishaftanna á þessu ári.

Grunnhækkunin, kr. 50.000, miðar þannig við laun félagsmannsins áður en nýgildandi kjarasamningur tók gildi og dragast launahækkanir hans á gildistíma núverandi samnings frá. Það þýðir að 2,8% almenn launahækkun í upphafi árs 2014 og allar hækkanir umfram það dragast frá þessari grunnhækkun.

Hér er um að ræða leiðréttingu á síðasta kjarasamningi í ljósi þróunarinnar á vinnumarkaði frá því hann var gerður.

Dæmi um launaþróunartryggingu (miðað er við laun fyrir fullt starf):

- Félagismaður með lágmarkslaun í lok desember 2013 fékk kr. 204.000 í laun. 1. janúar 2014 hækkðu laun hans í kr. 214.000, skv. kjarasamningum. Launaþróunartrygging myndi færa þessum félagsmanni kr. 40.000 hækkun og yrðu laun hans því kr. 254.000 á mánuði.
- Félagismaður sem hafði kr. 350.000 í lok desember 2013 hækkaði í kr. 359.800 þann 1. janúar 2014 eða um 2,8%. Launaþróunartrygging myndi færa þessum félagsmanni kr. 40.200 hækkun og yrðu laun hans kr. 400.000 á mánuði.
- Félagismaður sem hafði kr. 700.000 í lok desember 2013 hækkaði í kr. 719.600 þann 1. janúar 2014 eða um 2,8%. Launaþróunartrygging myndi færa þessum félagsmanni kr. 30.400 og yrðu laun hans kr. 750.000 á mánuði.

Sjá nánar á heimasíðu FVSA.

Reykjavík

Félagið á þrjár íbúðir í Mánatúni 3 í Reykjavík. Tvær eru þriggja herbergja og ein fjögurra herbergja. Íbúðirnar eru í alla staði mjög vand- aðar og glæsilegar. Það þarf að taka með sér lín á rúm og handklæði. **ATHUGIÐ! Íbúðirnar eru reyklaugar og það er stranglega bannað að hafa í þeim gæludýr.**

Þriggja herbergja íbúðirnar eru á fjórðu hæð. Tvö svefnherbergi eru í hvorri íbúð, rúmgóð stofa, vel búð eldhús með uppþvottavél og baðherbergi með sturtu. Í þvottahúsi er þvottavél og þurrkari. Gistiaðstaða er fyrir sjö manns í hvorri íbúð og að auki er barnarúm og barnastóll í íbúðunum. Nettenging er í íbúðunum.

Fjögurra herbergja íbúðin er einnig á fjórðu hæð. Þrjú svefnherbergi eru í íbúðinni og rúmgóð stofa, vel búð eldhús með uppþvottavél, baðherbergi með sturtu. Í þvottahúsi er þvottavél og þurrkari. Gistiaðstaða er fyrir 10 manns og að auki er barnarúm og barnastóll. Nettenging er í íbúðinni.

Skiptidagar: Íbúðirnar eru leigðar í viku í senn yfir sumartímann og skipt á miðvikudögum. Íbúðirnar eru til afhendingar kl. 17 en dvalargestir þurfa að skila íbúðunum kl. 13 á skiptidögum.

Verð:

3 herb. íbúð kr. 25.000

4 herb. íbúð kr. 31.000

Leigutími: Allt árið. (sumarleiga frá 4. júní til 20. ágúst.)

Lyklar: Afhendast á skrifstofu FVSA.



Prif innifalin

Nýtt 2015

Frá og með 2. mars sl. tók fyrirtækið Sólar ehf. við allri umsjón á íbúðum félagsins í Reykjavík. Þessi breyting á umsjónaraðila hefur í för með sér að leigjandi þarf ekki lengur að þrifa íbúðina eftir leigutíma. Auðvitað þarf að skila henni full frágenginni og snyrtilegri.

Nánari upplýsingar eru í leigusamningi og á heimasíðu félagsins.

Ekki bara hús í boði!

Undanfarin ár hefur FVSA boðið upp á orlofsstyrki og hefur þeim verið mjög vel tekið af félagsmönnum. Sumarið 2015 verða í boði 75 orlofsstyrkir að upphæð allt að kr. 20.000. Styrkirnar eru veittir vegna gistikostnaðar á árinu 2015. Einnig verður hægt að sækja um 25 útilegukort. Þeir sem áhuga hafa á að ná sér í útilegukort þurfa að sækja um slíkt á sama hátt og þegar sótt er um orlofshús eða styrk.

Umsóknarfrestur um orlofshús, orlofsstyrki og útilegukort vegna sumarleigu er til miðnættis 22. mars nk. Sótt er um orlofshús og orlofsstyrki á félagavefnum. Sækja má um orlofshús, orlofsstyrk og útilegukort en aðeins er hægt að fá einu af því úthlutað.

Umsækjendur fá skriflegt svar um úthlutunina fyrir mánaðamót mars/apríl. Þeir sem fá úthlutað þurfa að

greiða í síðasta lagi 12. apríl. Opnað verður fyrir lausar orlofsvikur á félagavef 15. apríl kl. 12:00.



Eins og undanfarin sumur mun félagið selja niðurgreidda gistimiða á Edduhótelin og Fosshótelin. - www.hoteledda.is - www.fosshotel.is.



Veiðikortið verður áfram til sölu á skrifstofu félagsins á Akureyri á kr. 5.500. www.veidikortid.is.

Útilegukortið verður til sölu á skrifstofunni á Akureyri á kr. 14.900. www.utilegukortid.is.

Félagið selur miða í Hvalfjarðargöng á kr. 635.

Nánari upplýsingar má finna á vef félagsins, www.fvsa.is □

Illugastaðir: Hús nr. 2 og 19

Tvö hús í sumarhúsabygginginni á Illugastöðum í Fnjóskadal. Í húsi nr. 2 er svefnrymi fyrir sex manns, auk svefnsófa í stofu. Hús nr. 19 er á tveimur hæðum. Á neðri hæðinni er vel búið eldhús og borðstofa, gufubað og baðherbergi með sturtu. Á efri hæðinni er stofa, tvö svefnherbergi og baðherbergi með sturtu. Svefnrymi er fyrir sex manns í húsinu auk svefnsófa í stofu og borðstofu. Heitur pottur er við húsin. Rúmföt fylgja, án líns, sem hægt er að leigja hjá umsjónarmanni í þjónustumiðstöð. Á svæðinu er sundlaug með heitum potti, minigolf, barnaleikvöllur og lítil verslun.

ATHUGIÐ! Bústaðirnir eru reyklusir og það er stranglega bannað að hafa í þeim gæludýr.

Skiptidagar: Húsin leigjast í eina viku í senn. Afhending húsanna til komugesta er milli kl. 16 og 21 á föstudögum en dvalargestir þurfa að afhenda húsið eigi síðar en kl. 12 á skiptidögum.

Lyklar: Afhendast hjá umsjónarmanni á Illugastöðum.

Okkar álit: Klassískur fjölskyldustaður eins og hann gerist bestur.



Hús nr. 19.

Mikið við að vera og óteljandi möguleikar á dagsferðum, gönguferðum og annarri afþreyingu.

Verð:

Nr. 2: kr. 21.000

Nr. 19: kr. 25.000

Leigutími: Allt árið. (Sumarleiga frá 5. júní til 21. ágúst)

Skógarsel, Vaglaskógi

Nýtt og glæsilegt sumarhús á skemmtilegum stað á bökkum Fnjóskár og í miðjum Vaglaskógi. Í húsinu eru fjögur svefnherbergi, góð stofa, eldhús með öllum búnaði, borðstofa, tvö baðherbergi og þvotta-herbergi. Gistipláss er fyrir 11 manns. Rúmföt fylgja en án líns. Við húsið er stór afgirtur sólpallur, þar er m.a. heitur pottur. Umhverfis húsið er stór girtur garður og í honum eru barnaleiktæki. Öll helstu heimilistæki eru í húsinu, en til viðbótar þeim sem hefðbundin geta talist í orlofshúsum, eru þvottavél, þurrkari og uppþvottavél.

ATHUGIÐ! Bústaðirnir eru reyklusir og það er stranglega bannað að hafa í þeim gæludýr.

Skiptidagar: Húsið leigist í eina viku í senn. Afhending hússins til komugesta er kl. 16 á föstudögum en dvalargestir þurfa að afhenda húsið kl. 12 á skiptidögum.

Lyklar: Afhendast á skrifstofu FVSA.

Okkar álit: Frábært umhverfi, veðursæll og rómaður staður fyrir fjölskylduna. Hægt er að tjalda á lóðinni og því er þetta staður stórfjölskyldunnar.

Verð kr. 44.000,-

Leigutími: Allt árið. (Sumarleiga frá 5. júní til 21. ágúst)



Kötluholt í Biskupstungum

Bústaðurinn er staðsettur í landi Tjarnar rétt við Syðri-Reyki. Mjög stutt frá Reykholti. Bústaðurinn er um 65 fermetrar, í honum eru tvö svefnherbergi auk svefnlofts. Leigjendur verða að taka með sér lín og handklæði. Í bústaðnum er þvottavél. Heitur pottur er við bústaðinn.

ATH! Bústaðurinn er reyklus en leyfilegt er að hafa með sér gæludýr.

Skiptidagar /Lyklar: Orlofshúsið er leigt viku í senn frá föstudegi til föstudags. Leigutakar koma milli kl. 16:00 og 21:00, brottför í síðasta lagi kl. 12:00. Lyklar eru í lykaskáp sem er staðsettur við útidyr, skila skal lyklu í lykaskápinn við brottför.

Okkar álit: Gott útivistarsvæði með gróinni lóð allt í kring. Stutt að fara til nokkurra af þekktustu ferðamannastöðum landsins s.s. Gullfoss og Geysis, Skálholts, Laugarvatns, Þingvalla og Flúða svo eitthvað sé nefnt.

Verð: Kr. 30.000

Leigutími: Í leigu frá 12. júní til 14. ágúst.



Flókalundur í Vatnsfirði á Barðaströnd

Þessi staður nýtur mikilla vinsælda á meðal félagsmanna. Í húsinu eru tvö svefnherbergi, með alls fimm til sex svefnplássum, setu- og borðstofa með eldhúskrók með öllum helstu eldhústækjum og búnaði og baðherbergi með sturtu. Sjónvarp er í húsinu og gasgrill. Sundlaug með heitum potti er einungis til afnota fyrir gesti sem dveljast í orlofshúsabyggðinni.

ATHUGIÐ! Bústaðurinn er reyklaus og það er stranglega bannað að hafa í honum gæludýr.

Skiptidagar/Lyklar: Orlofshúsin eru leigð viku í senn frá föstudegi til föstudags. Leigutakar mega koma eftir kl. 16:00, brottför í síðasta lagi kl. 12:00. Lyklar eru í lykaskáp sem staðsettur er við útidyr og skal lykklum skilað í lykaskápinn aftur við brottför.



Okkar álit: Skemmtileg staðsetning og rómuð veðursæld. Ýmsir möguleikar í dagsferðum, gönguferðum, fjöruferðum og þannig mætti áfram telja.

Leigutímabil: 19. júní til 21. ágúst.

Verð: Kr. 24.000,-

Einarsstaðir

Húsið sem er nr. 19 er 45 fermetrar að stærð og skiptist niður í þrjú svefnherbergi, stofu, eldhús og baðherbergi með sturtu. Í tveimur herbergjanna er tvíbreitt rúm og kofa þar yfir, en kofur í minna herberginu. Gasgrill og garðhúsgögn eru við húsið. **Árið 2011 var settur heitur pottur við húsið.** Hjá umsjónarmanni er hægt að fá leigt lín og handklæði, einnig er hægt að fá lánað barnarúm, barnastól og aukadýnur. Í húsunum er allur búnaður miðaður við átta manns. Örbylgjuofn, sjónvarp og útvarp eru í öllum húsunum.

ATHUGIÐ! Bústaðurinn er reyklaus og það er stranglega bannað að hafa í honum gæludýr.

Skiptidagar: Húsið leigist í eina viku í senn. Afhending hússins til komu-gesta er milli kl. 16 og 19 á föstudögum en dvalargestir þurfa að rýma það eigi síðar en kl. 12 á skiptidögum.

Lyklar: Í lyklaboxi á bústað.



Okkar álit: Þægilegur staður í hjarta Austurlands með mikla möguleika á dagsferðum í allar áttir. Mikil afþreying er í boði á þessu svæði.

Leigutími: 19. júní - 21. ágúst.

Verð kr. 24.000,-

Miðhúsaskógur í Bláskógabyggð

Sumarhúsið er í Miðhúsaskógi, Bláskógabyggð, og er í um 17 kílómetra fjarlægð frá Laugarvatni þar sem hægt er að sækja alla almenna þjónustu, þar er t.d. sundlaug og matvöruverslun. Húsið er 55 fermetrar með þrjú svefnherbergi og er svefnaðstaða fyrir sjö manns. Í því er setu- og borðstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Húsinu fylgja öll venjuleg eldhúshöld, borðbúnaður, uppþvottavél og gasgrill. Leigjendur verða að hafa með sér lín, handklæði, diskapurrkur og þvottaefni í uppþvottavél. Heitur pottur er við húsið

ATHUGIÐ! Bústaðurinn er reyklaus og það er stranglega bannað að hafa í honum gæludýr.

Skiptidagar /Lyklar: Orlofshúsið eru leigt viku í senn frá föstudegi til föstudags. Leigutakar mega koma frá kl 17.00 og brottför er í síðasta lagi kl. 12.00. Lyklar eru í lykaskáp sem er staðsettur er við útidyr, skal lykklum skilað í lykaskápinn aftur við brottför.



Á svæðinu eru margar gönguleiðir, hægt að fá lánaðar golfkylfur hjá umsjónarfólki í míníggolf sem er á staðnum, uppblásið trampólín, frisbígolf, aparóla, sparkvellir, körfuboltavöllur og ýmislegt fleira. Sandkassi er við hvert hús og leiktæki í hverjum botnlanga.

Leigutími: 5. júní - 21. ágúst.

Verð: kr. 30.000,-

Munið:

Sótt er um orlofshús, „viku að eigin vali“ og útilegukort á félagavefnum! – Hægt að fá aðstoð á skrifstofu.

Mun halda áfram að sækja fundi

Á síðasta aðalfundi félagsins hætti Árni Þorvaldsson störfum fyrir félagið, en hann hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir FVSA allt frá árinu 2001. Hann var m.a. í trúnaðarráði og uppstillinganefnd til fjölda ára og hefur setið í varastjórn frá árinu 2009. Árni starfar í BYKO og hitti tíðindamaður blaðsins hann þar nýlega.

Aðspurður um byrjunina sagði hann að fyrrverandi formaður félagsins, Guðmundur Björnsson, hefði hringt í sig og spurt hvort hann væri ekki til í að taka sæti í trúnaðarráðinu. „Ég var ekki búinn að vera trúnaðarmaður eða neitt slíkt, þannig að þetta byrjaði nú bara svona. Eftir þetta varð ég trúnaðarmaður í nokkur ár, fór í uppstillinganefnd og fór svo í stjórnina fyrir nokkrum árum. Ég hafði alltaf mætt á alla fundi, en þetta símtal frá Guðmundi varð til þessa að ég byrjaði að starfa fyrir félagið.“

Miklar framkvæmdir

Félagið er búið að standa í miklum framkvæmdum undanfarin ár. Kaupa íbúðir í Reykjavík og byggja sumarhús þannig að það er búið að vera mikið umleikis í kringum það þó ég hafi ekki mikið komið nálægt því. En eins og í öllum stjórnnum þarf að passa í hvað fjármagnið fer og halda vel utanum það. Íbúðirnar eru mjög vel nýttar sem sýnir að full þörf er á því að bjóða upp á þessa þjónustu.“



Samfélagið hefur breyst

„Á síðustu 10 árum eða svo finnst mér hafa orðið mikilar breytingar hvað varðar fræðslu fyrir unga fólkið okkar og eins að fá það til að starfa fyrir félagið. Fólk sem er að koma til starfa fyrir félagið og í stjórnina er að yngjast sem er af hinu góða. Það skiptir mjög miklu að við náum að virkja unga fólkið.“

Samfélagið hefur líka mikið breyst og mér finnst að öll samskipti við fólk vera önnur í dag en fyrir nokkrum árum. Félagsmenn hafa mikið meira aðgengi að öllum upplýsingum sem félagið þarf að koma frá sér núna en áður. Þetta hefur breyst mjög mikið og til hins betra. Samt getur það verið að þetta góða aðgengi að upplýsingum komi í veg fyrir að fleiri mæti á fundi sem er slæmt. Á aðalfundum félagsins, til

dæmis, er svo margt sem kemur fram í sambandi við reksturinn og fleira. Auðvitað er hægt að fá allar þessar upplýsingar á netinu eftir fundinn en með því að mæta þá skapast þessi nánd.

Ég vil því hvetja félagsmenn til að vera duglega að mæta á fundi og taka þátt í starfinu. Ég vil líka hvetja þá til að huga að réttindum sínum því það er mikið um það að fólk viti of lítið um hvaða réttindi það hefur, raunar varla hvaða laun það á að hafa. Því er um að gera að hafa samband við félagið og kanna hvernig hlutirnir eiga að vera. Það er full ástæða fyrir félagsmenn að vera vel virkir, ef ekki núna hvenær þá?“ sagði Árni að lokum og bætti við að hann muni auðvitað halda áfram að sækja fundi hjá félaginu. ▣

Starfsdagur trúnaðarmanna

Fjöldmargir félagsmenn tóku þátt í árlegum starfsdegi trúnaðarmanna FVSA sem haldinn var 22. janúar sl. í fundarsal veitingastaðarins Greifans á Akureyri. Jóhann Ingi Gunnarsson sálfræðingur var leiðbeinandi á deginum en viðfangsefnið var árangursrík samskipti, virk hlustun, sjálfstraust, o.fl. Þátttakendur voru mjög ánægðir með hans framlag. Þá var einnig fjallað um kjaramálin og í lok starfsdagsins kusu trúnaðarmenn átta félaga úr sínum röðum og fjóra til vara í trúnaðarráð félagsins. Almenn ánægja var með starfsdaginn sem heppnaðist mjög vel.



„Er bara komin í langa fríð“

Eins og fram hefur komið ákvað Úlfhildur, oftast kölluð Úlla, að gefa ekki áfram kost á sér í stjórn félagsins og hætti því sem formaður þess á síðasta aðalfundi þar sem hún var kvödd með standandi lófaklappi og blómum. Árið 2002 tók Úlla við sem framkvæmdastjóri félagsins og varð þá jafnframt varaformaður þess. Árið 2005 tók hún við sem formaður og hafði því gegnt embættinu í 10 ár er hún ákvað að stíga til hliðar.

Tíðindamaður blaðsins settist niður með Úllu og auðvitað lá beinast við að spyrja: Nú ertu hætt, hvernig er tilfinningin? „Hún er bara mjög góð, hún verður líka að vera það. Það er ekki aftur snúið þegar þessi ákvörðun er tekin,“ sagði Úlla. „Þessi tími hjá félaginu er búinn að vera mjög lærdómsríkur.

Starfið hefur líka verið mjög fjölbreytt og auðvitað hafa skipst á skin og skúrir. Það jákvæðasta í þessu starfi er hve mörgu frábæru fólki ég hef kynnst, fólki sem hefur starfað hjá félaginu bæði í stjórn og öðrum störfum. Þetta eru gegnumgangandi algjörir öðlingar. Andinn í félaginu er sérstaklega jákvæður og félagsmenn örsjaldan komið með mál þar sem kröfur eru ósanngjarnar. Það er það sem sem situr eftir, það er svo mikils virði að kynnst góðu fólki, að eiga samleið með því. Bæði hér og út um allt land.“

Gott samstarf

Fyrir nokkrum árum var ákveðið að ráðast í viðamiklar breytingar á þriðju hæðinni og jafnframt að taka upp nánara samstarf félaganna fjögurra sem eru á hæðinni, þ.e. FVSA, Félag málmíðnaðarmanna, Sjómannafélag Eyjafjarðar og Félag vélstjóra og málmteknimanna. „Við ákváðum einnig að ráða einn sam-eiginlegan starfsmann í afgreiðslu og er óhætt að segja að þessar ákvarðanir okkar á sínum tíma hafi verið mikið gæfuspor. Þetta samstarf félaganna er mjög jákvætt og hefur þjónusta við félagsmenn orðið skilvirkari og betri. Það er ekki spurning.“

Aðspurð um hvort þátttaka félagsmanna á þessum tíu árum hafi breyst



segir Úlla svo ekki vera. „Mér finnst t.d. þátttaka á fundum hafi verið svipuð í gegnum árin. Þeir sem hafa áhuga á sínum kjörum og vilja sinna félagsmálum eru tilbúin að taka þátt og vilja starfa fyrir félagið. Mér finnst allt of margir sem hafa því miður ekki áhuga á að taka þátt í að berjast fyrir sínum réttindum eða að kynna sér málin. Ég veit að margir eru ofboðslega uppteknir og svo er auðvitað mun auðveldara í dag að fræðast í gegnum netið en bara fyrir nokkrum árum. Þú getur verið heima í öllum hlutum og kynnst félaginu frá A til Ö, bara með því að nota tölvuna. Þú þarft ekki að mæta á fundi til þess, en tengslin sem skapast við það að hittast eru bara af hinu góða og nauðsynleg.“

Ungir félagsmenn

Finnst þér unga fólkið vera meira inn í þessum málum en áður? „Það hefur að minnsta kosti alla möguleika til þess og mér finnst að þau sem gefa sig í þessa hluti fái áhugann. Það var alveg frábært að fylgjast með þessum krökkum sem tóku þátt í VR-skólanum sem var hérna um daginn. Ég veit ekki hvaða væntingar þau komu með en mér fannst þau vera mjög ánægð þegar upp var staðið. Það er eins með þau sem farið hafa sem fulltrúar félagsins á ASÍ-UNG. Ég vil hvetja unga félagsmenn, og auðvitað alla, til

að fylgjast vel með sínum réttindum og hika ekki við að hafa samband ef það telur að brotið sé á þeim.“

„Sem formaður í stéttarfélagi er þér treyst fyrir miklum fjármunum og auðvitað líka félagsmönnum og þeirra aðstæðum. Það er voðalega erfitt þegar þú getur ekki breytt því þegar þú sérð að eitthvað er að. Þú sérð sömu hlutina í dag og þér fannst vera slæmir fyrir 10 árum hafa lítið breyst svo sem launamunur kynja sem er ólíðandi, einnig láglaunastefnan. Launataxtarnir okkar eru fáir og afar lágir þannig að við tölum um þá sem ákveðið öryggisnet. Lögð er áhersla á persónubundin laun sem þýðir að viðkomandi félagsmaður á sjálfur að ná fram kjörum í samræmi við sitt framlag og á rétt á að fara í launaviðtal einu sinni á ári. Því miður þá hunsa allt of margir atvinnurekendur þetta. Ég spyr hvort þessir aðilar kynni sér ekki kjarasamninginn. Vita þeir ekki að það á að virða hann. Þetta vandamál er líka tilkomið vegna þess að mörg fyrirtæki eru með höfuðstöðvarnar í Reykjavík og yfirmennirnir hér fyrir norðan virðast ekki hafa völd til að hafa áhrif á launastrúktúrinn. Ég hef alveg heyrt raddir sem segja að það þýði ekkert að fara í slíkt viðtal, það er alls ekki nógu gott. Ég er ekki að alhæfa því auðvitað á þetta ekki við um öll þessi fyrirtæki, en alltof

mörg,” segir Úlla og bætir við að margir félagsmenn eru skólafólk eða í hluta-störfum og gera ekki miklar launakröfur. „Þau eru bara fegin að fá eitthvað og það verður þess valdandi að hópurinn er ekki nægilega samstilltur í sínum kröfum.”



Lífeyrismál

„Mér finnst svo mikið óréttlæti eða mismunun í þessu landi sem heildarsamtök launafólks þurfa að berjast gegn. Ég vil sérstaklega minnst á lífeyrisréttindi sem maður fer ósjálfrátt að hugsa meira um á þessum tímamótum. Sú mismunun á kjörum lífeyrisþega eftir því hvort þeir hafa greitt í okkar almennu sjóði eða í

opinberu sjóðina er ólíðandi. Ég vann hjá lífeyrissjóði í 24 ár og batt miklar vonir við þetta kerfi en tel sorglegt hve litlu það hefur skilað eftir allan þennan tíma. Það hefur ekki staðið undir væntingum, ítrekað hefur þurft að skerða réttindi, en opinberu sjóðirnir halda sínu óbreyttu með ríkisábyrgð. Þetta er mjög ósanngjarnt. Við verðum að sameinast um eitt sjálfbært lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn,” segir Úlla.

Hvað tekur nú við?

„Ég er bara komin í langa fríð,” segir Úlla og hlær. „Ég vona bara að það



verði svolítið langt. Þegar maður er kominn á þennan aldur þá er bara hugsunin að maður fái einhver ár með góða heilsu til að njóta lífsins. Þó ég sé komin á þennan aldur þá finnst mér ég ekki vera voða gömul. Ég vil að lokum fá að óska nýju fólki velfarnaðar í starfi og þakka öllu því góða fólki sem ég hef starfað með hjá félaginu, vinnufélögunum á skrifstofu og öllum þeim fjölda fólks sem valist hefur til trúnaðarstarfa á liðnum árum. Þá vil ég sömuleiðis nota tækifærið og þakka öllum félagsmönnum árin 13 sem ég hef starfað hjá félaginu,” segir Úlla að lokum.

Mikil starfsemi hjá félaginu

Á síðasta aðalfundi kom Agnes Reykdal ný inn í varastjórn félagsins. Agnes starfar sem deildarstjóri heimilis- og árstíðardeildar hjá BYKO á Akureyri.

Agnes sagði í samtali við tíðindamann blaðsins að hún hefði á árum áður setið í fulltrúaráði félagsins þar til sú breyting var gerð að í því tóku líka sæti trúnaðarmenn félagsins. „En hvað þetta varðar þá pikkaði Árni, sem var einmitt að hætta í varastjórninni, í mig til að kanna áhuga minn á þessu hlutverki. Mér fannst þetta spennandi svo ég ákvað að slá til.”

Agnes segir að henni finnst mjög mikið starf í félaginu. „Það kom mér á óvart hve mikið starf er unnið hjá félaginu þegar ég kom þarna inn fyrst og líka hve margir koma að því. Sumir halda að það sé bara einn sem ræður en þannig er það nú ekki. Starfið nær vel út í allt félagið. Ég, eins og sennilega margir aðrir, hélt að fáir gæfu sig í þetta og væru svo bara alveg á kafi, en þannig er það nú ekki. Starfið dreifist á mjög marga félagsmenn sem er gott því

ekkert félag er sterkara en félagsmennirnir.”

Aðspurð um hvernig henni finnst félagið ná til ungra félagsmanna sagði hún að félagið væri a.m.k. farið að tala við þau. „Þegar ég var í trúnaðarráðinu á sínum tíma þá var þetta einmitt mikið í umræðunni, það er hvernig náum við til þessara krakka. Þau eru mjög mikið að vinna í búðunum, bæði aukavinnan og sumarvinnan. Þá var verið að vinna heilmikið í þessu og ég sé ekki betur en að það hafi gengið eftir. Það er líka mikið



búið að vinna í heimasíðu félagsins svo það er mun auðveldara en það var að ná sér í allskonar upplýsingar. Það er líka mun þægilega aðgengi að skrifstofunni eftir að henni var breytt fyrir nokkrum árum.”

Þegar talið barst að samningamálum þá sagði Agnes að hún vildi sjá krónutöluhækkanir og hætta þessu prósentudæmi sem hún hefur aldrei skilið. „Það þarf líka að hækka lægstu laun verulega, það er bara það sem verður að gerast. Það þarf að jafna þennan mismun sem er í þjóðfélaginu í dag. Það er skrítið að sumir eru á ofurlaunum á meðan fjölmargir eiga vart fyrir nauðþurftum. Bilið á milli þeirra sem mest fá og okkar hinna er orðið svo rosalegt.”

Agnes vildi að lokum hvetja félagsmennina til að kynna sér starfsemi félagsins. „Eins og ég sagði áðan þá hélt ég að það væri miklu þrengri hópur að starfa fyrir félagið en raunin er. Svo það er um að gera að kíkja við á skrifstofunni kynna sér félagið og réttindi sín, sérstaklega vil ég beina orðum mínum til unga fólksins.”



Sjúkrasjóður FVSA

Greiðslur úr sjúkrasjóði á árinu 2014 voru hærrí en á fyrra ári, enda voru upphæðir styrkja hækkaðir á aðalfundinum í fyrra. Alls voru greiddir út styrkir að upphæð um 51,5 milljónir króna sem er hækking um fjórar milljónir. Undanfarin ár hefur um helmingur greiðslna úr sjúkrasjóði verið í formi dagpeninga, í fyrra voru þeir að upphæð um kr. 22,7 milljónir sem er svo að segja sama upphæð og árið áður. Alls fengu 49 félagsmenn sjúkradagpeninga í fyrra, fimm færri en árið á undan.

Aðrir styrkir

Aðrir styrkir til félagsmanna voru um 28 milljónir greiddir til 937 félagsmanna. Langflestir eru að nýta sér styrk vegna heilsuræktar. 631 félagsmenn fengu slíkan styrk á síðasta ári að upphæð um kr. 13,5 milljónir. 266 félagar fengu greiddar um 8,9 milljónir vegna sjúkrabjálfunar og sjúkranudds, Tæpar 3,5 milljónir fóru í aðra styrki, um 2,25 milljónir í dánarbætur og tæplega 750.000 vegna krabbameinsleitar.

Þó styrkir séu eyrnamerkir vegna þeirra atriði sem hér koma fram, þá geta félagsmenn sótt um styrki vegna annarra atriða, stjórn sjúkrasjóðs tekur þær umsóknir þá sérstaklega fyrir og athugar hvort viðkomandi hafi ekki nýtt sér þá styrki sem í boði eru.

Reglur

- Til að geta sótt um styrk úr sjúkrasjóði þarf félagsgjald að hafa borist vegna þriggja mánaða af síðustu tólf, þar af a.m.k. vegna eins mánaðar af síðustu sex.
- Öll réttindi falla niður ef félagsgjöld hafa ekki borist vegna síðustu 6 mánaða. (Undanskilin eru réttindi lífeyrisþega)

- Fullan rétt til styrkja úr sjúkrasjóði FVSA eiga allir sem hafa greitt meira en 12.000 kr. til félagsins á síðustu 12 mánuðum (meðaltal launa 100.000 á mánuði)
- Þeir sem hafa greitt frá 6.000 til 11.999 sl.12 mánuði (meðaltal launa 50.000 til 99.990 á mánuði) eiga rétt á 60% af fullum styrkjum.
- Örorulífeyrisþegar eiga rétt á styrkjum úr sjúkrasjóði í 2 ár eftir að greiðslur til félagsins hætta að berast.
- Ellilífeyrisþegar eiga rétt á styrkjum úr sjúkrasjóði í 7 ár eftir að greiðslur til félagsins hætta að berast.
- Aðstandendur félagsmanns sem hættur er að greiða til félagsins vegna öroru eiga rétt á dánarbótum kr. 150.000 í 2 ár eftir að greiðslur hætta að berast.
- Aðstandendur félagsmanns sem hættur er að greiða til félagsins vegna aldurs eiga rétt á dánarbótum kr. 150.000 í 7 ár eftir að greiðslur hætta að berast.
- Elli- og örorulífeyrisþegar eiga rétt á styrkupphæð miðað við greiðslur síðustu 12 mánaða í starfi.

- Stjórn sjóðsins hefur heimild til að veita styrk vegna andláts sjóðfélaga sem látið hefur af starfi meira en tveimur/ sjö árum fyrir andlát. (Að hámarki kr. 150.000 að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.)
- Umsókn um slíkan styrk þarf að fylgja skattframtal vegna næstliðins árs.

Dagpeningar

- Sjúkradagpeningar vegna veikinda félagsmanns: Greidd 80 % launa í 4 mánuði
- Sjúkradagpeningar vegna veikinda maka: greidd 80% launa í 3 mánuði
- Sjúkradagpeningar veikinda barna: Greidd 80% launa í 3 mánuði

Styrkir eru greiddir einu sinni í mánuði (fyrsta virkan dag hvers mánaðar). Reikningar þurfa að berast fyrir mánaðamót.

Hámarksgræiðsla styrkja til félagsmanns er kr. 60.000 á ári fyrir þá sem greitt hafa meira en kr. 12.000 til félagsins á síðustu 12 mánuðum og kr. 36.000 (60%) til þeirra sem hafa greitt frá kr. 6.000 til 11.999 á sama tímabili. Þeir sem ekki ná 6.000 kr. á síðustu 12 mánuðum eiga ekki rétt til greiðslu styrkja úr sjúkrasjóði.

	Hlutfall af reikningi	Hámark styrkja í krónum	
		100% styrkur	60% styrkur
• Sjúkrabjálfun:	75%	50.000	30.000
• Krabbameinsleit:	85%	5.000	3.000
• Líkamsrækt:	50%	30.000	18.000
• Sálfræðiþjónusta:	35%	25.000	15.000
• Nudd utan TR:	35%	25.000	15.000
• Glæraugu/heyrtækni: (á 3 ára fresti)	35%	20.000	12.000
• Glæra-/tæknifrjógungun: (á 3 ára fresti)	50%	55.000	33.000
• Lasik augnaðgerðir:	35%	55.000	33.000
• Dánarbætur:		300.000	
• Dánarbætur:		150.000 v/lífeyrisþega	
• Vímuefna meðferð:		Sjúkradagpeningar meðan á meðferð stendur	

Starfsmenntasjóður verslunar og skrifstofufólks

Ert þú að hugsa um að fara í nám? - Hefur þú verið á námskeiði nýlega?

Hvað er í boði?

• Starfsmenntastyrkur:

Veittur er styrkur til starfsnáms að hámarki kr. 90.000 á hverju almanaksári, en þó aldrei hærrí en 75% af námskeiðsgjaldi. Hægt er að safna styrknum í 3 ár og nýta þá 270.000 kr. fyrir eitt samfellt nám.

• Tómsundastyrkur:

Veittur er styrkur allt að kr. 20.000 á ári þó aldrei hærrí en 50% af námskeiðsgjaldi. Upphæðin dregst frá hámarksstyrki.

• Ferðastyrkur:

Veittur er ferðastyrkur, hámark kr. 30.000 á ári, vegna starfs-

náms, utan lögheimilis, fyrir allt að helmingi fargjalds ef vegalengdin milli heimilis og fræðslustofnunar er að lágmarki 50 km. Upphæðin dregst frá hámarksstyrki.

- **Styrkir til kaupa á hjálpartækjum til lestrar- og ritstuðnings:** Félagsmenn sem eru lesblindir eða eiga við lestrar- og ritörðugleika að stríða geta sótt um styrk sem nemur allt að 75% af kostnaði vegna kaupa á hjálpartækjum ætluðum til stuðnings við lestur og skrift. Upphæðin dregst frá hámarksstyrki.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Félags verslunar og skrifstofufólks www.fvsa.is eða í síma 455 1050.

FVSA hvetur alla félagsmenn sína til að kynna sér réttindi sín til endurgreiðslu. Allt nám er styrkhæft sem og tómsundanám-skeið hvers konar ef þau eru haldin af viðurkennum aðilum.